

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins „Vísindamenn í heimsókn“ í Flataskóla

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	05.09.2016
Málalýkill	
Mál nr.	

Heiti verkefnis: Vísindamenn í heimsókn

Styrkþegar: Flataskóli

Verkefnisstjóri: Kolbrún Svala Hjaltadóttir

Markmið verkefnisins skv. umsókn:

Markmið verkefnisins er að fá vísindamenn í heimsókn til að fræða nemendur um náttúruna og eðli hennar. Í ljósi nútímans og þeirra breytinga sem eru að verða á umhverfi okkar er vert að beina athygli nemenda að umhverfisvernd þeirra og skerpa náttúruvitund þeirra. Með því að fá vísindamenn í heimsókn til að ræða við nemendur er hægt að aðstoða kennara við að fræða/upplýsa nemendur um náttúruvísindi, umhverfisvernd, starfs vísindamanna og leyfa nemendum að fylgjast með og skyggjast inn í heim þeirra og vinnubrögð. Markhópurinn er nemendur í 6. og 7. bekk.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis:

Haft var samband við fræðimennina og þeir boðaðir í heimsókn með ákveðna punkta í huga sem við vildum að þeir fjölluðu um. Fengnir voru tveir vísindamenn til að ræða við nemendur í 7. bekk. Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi hjá Ungmennafélagi Íslands. Hún ræddi almennt um umhverfismennt og hvernig hægt væri að lifa heilbrigðu lífi og vernda umhverfið. Hún sagði þeim frá ráðstefnum sem félagið héldi og hvert umfjöllunarefni þeirra væri og fyrir hvað Ungmennafélög stæðu fyrir.

Kristján Klausen eðlisfræðingur í HÍ heimsótti einnig 7. bekk og hann var beðinn um að spjalla um eðlisfræðina, sérstaklega um frumeindir, sameindir, rafmagn, magn og massa. Kristján kom með myndir þar sem hann útskýrði m.a. brotala. Hann gerði þeim jafnframt ljóst að vísindi hafa ekki skýringar á öllu, að það er ekki allt þekkt og ánægja vísindamannsins felst í að kanna hið óþekkt.

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins „Vísindamenn í heimsókn“ í Flataskóla

Nemendur tóku upp myndbönd með viðtölum við vísindamennina þar sem þeir voru búnir að undirbúa nokkrar spurningar til að leggja fyrir þá. Nemendur klipptu myndböndin og þau liggja á heimasíðu skólans.

Svipaður háttur var hafður á við heimsóknir til nemenda í 6. bekk. Þar komu þrír vísindamenn í heimsókn, en það voru þau Guðfinna Aðalgeirsdóttir jarðeðlisfræðingur sem unnið hefur bæði á Grænlandsjökli og á Suðurlandinu og sýndi hún nemendum myndir af veru sinni þar og sagði þeim frá því sem hún var að gera þar og hvernig hún ferðaðist á þessa staði. Oddur Sigurðsson jarð- og jöklafræðingur sagði þeim frá landrekinu, landkönnuðum á heimskautin, náttúru þeirra og fleira tengt því. Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur kom og sagði þeim frá því hvernig veðurspár væru unnar og fjallaði hún einnig um gróðurhúsaáhrif af mannavöldum og breytingar tengdar þeim. Hún kom með áhöld til að gera veðurathuganir og sýndi krökkunum.

Eftir allar þessar heimsóknir fengu nemendur verkefni sem tengdist efni fyrirlestranna og kennarar sendu bréf heim með upplýsingum um þessar heimsóknir og því sem fjallað var um ásamt því að undirbúa nemendur undir komu vísindamannanna.

Við fengum aukalega einn fyrirlestur um eyjar frá Oddi þar sem hann sagði nemendum í 3. bekk frá því hvernig eyjar mynduðust og ýmislegt fleira skemmtilegt um það efni, en nemendur voru einmitt að vinna með eyjar um það leyti sem Oddur heimsótti 6. bekkingana svo það þótt bráðupplagt að fá hann til að spjalla við yngri nemendurna.

Hindranir og frávík frá upphaflegri áætlun:

Segja má að upphafleg áætlun hafi staðist að nær öllu leyti nema að ekki var send út könnun til foreldra í lok verkefnisins. Hins vegar fengu kennarar afar jákvæð viðbrögð frá aðstandendum. Alls komu fimm vísindamenn með 6 fyrirlestra í skólann í vetur.

Mat á verkefninu:

Kennarar eru mjög ánægðir með þennan þátt í skólastarfinu og þeim finnst hann gefa því meira gildi en án hans. Þeir læra líka um leið og nemendur og er

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins „Vísindamenn í heimsókn“ í Flataskóla

Það áreiðanlega ómetanlegt að fá ferska vinda inn í fræðin og þetta er einnig raunveruleg endurmenntun fyrir þá.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Laun	55.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	Stjörnuverið: 110.000 Vísindamenn: 180.000
Gögn	

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:

Myndbönd um viðtöl við vísindamennina, myndir frá heimsóknum, endurmenntun kennara, áhugahvati fyrir nemendur, uppbrot í skólastarfi, aukin víðsýni nemenda og kennara,